

779

URRIÐAVATN Í STRANDASÝSLU

FISKIRANNSÓKNIR 1988

Sigurður Már Einarsson

[Borgarnesi, mars 1989

VMST-V/89007X]



VEIÐIMÁLASTOFNUN - VESTURLANDSDEILD
Kveldúlfsgötu 2A, 310 Borgarnesi.

1. INNGANGUR

Hér verður greint frá niðurstöðum könnunar á urriðastofni Urriðavatns í Kaldrananeshreppi í Strandasýslu sem gerð var að beiðni landeigenda. Helstu markmið þessara athugunar var að athuga fiskmagn og samsetningu aflans, lengdardreifingu, aldursamsetningu og vöxt. Einnig var holdafar, kynþroski, fæða og snikjudýrabyrði athuguð. Einnig að ráðlega um nýtingu vatnsins í kjölfar rannsókna.

Urriðavötn liggja í 172 m hæð yfir sjó á Bjarnarfjarðarhálsi. Vatnið er allstórt eða 1.4 km^2 og er mesta dýpi 20 m (Vötn og Veiði 1985). Aðrennsli sést lítið í vatnið en frá því fellur Urriðaá til Bjarnarfjarðar. Fjöldi minni vatna er á Bjarnarfjarðarhálsi t.d. Himbrimavötn og Klofningsvatn. Nýting Urriðavatnsins er litil. Eithvað er veitt í net og stangveiði hefur einnig verið reynd.

2. ADFERDIR

Netaveiði og sýnatökur fóru fram dagana 7-8 ágúst 1988. Fisksýna var aflað með netum með eftirtöldum möskvastærðum: 19.5. 22.5. 25.0. 30.0. 35.0. 40.0 og 45 mm. Þessi netaröð hefur nokkuð jafnt veiðíálag á fisk frá 20 - 45 sm að stærð og á þannig að gefa allgóða mynd af þeim fiski sem er í vatninu. Auk þessara neta voru löggð þrjú 30 mm net og eitt 45 mm net til að afla frekari sýna. Netin voru löggð á nokkrum stöðum í norðanverðu vatninu að kvöldi og vitjað um að morgni. Afli var talinn og skráður úr hverju neti fyrir sig og allur fiskurinn síðan lengdarmældur (snjáldur-sporð-sýling) og vigtaður (gr). Af 52 fiskum voru síðan tekin hreistur og kvarnir til aldursákvörðunar. Kyn og kynþroski ákváðað. Magainnihald var greint eftir auganu á staðnum og magafylli skráð. Helstu snikjudýr voru auk þess greind með berum augum.

3. NIDURSTODUR

Alls veiddust 59 urriðar í 7 lagnir (Tafla 1) sem gerir 8.4 fiska per lögn að meðaltali. Að auki veiddust 23 urriðar í 4 aukalagnir þannig að alls veiddust 82 urriðar í vatninu. Afli á net var mestur í smæstu riðlana, en var fremur jafn í þá stærri.

TAFLA 1

AFLI URRIDA I NETALOGNUM I URRIDAVATNI 8. AGUST 1988.

MOSKVASTÆRD	FJOLDI A LOGIN
19.5 mm	12
22.5 -	26
25.0	5
30.0	4
35.0	5
40.0	3
45.0	4
MEDALTAL	8.4

Lengdardreifing aflans var frá 10 sm fiskum upp í 48 sm, en flestir urriðanna voru á bilinu 15 - 30 sm (Mynd 2). Þyngsti urriðinn sem veiddist var 47.5 sm og vó 1250 gr. Almennt var fiskurinn fremur feitur og vel á sig kominn.

Urriðarnir voru á bilinu 2 - 10 ára gamlir (Mynd 3). Vöxtur urriðans er sæmilegur í vatninu og eru 40 sm fiskar 8 - 9 ára gamlir. Vöxturinn virðist þó nokkru lakari heldur en í athugun sem fram fór 1982 (Pórir Dan Jónsson, óbirtar upplýsingar).

Kyn og kynþroski var greint hjá 52 fiskum. Urriðinn reyndist geldur að langstærstum hluta, þ.e samanstóð af ungfiski sem ekki sýndi þess að ætla að hrygna um haustið eða 88.5% af þeim fiskum sem skoðaðir voru. Afgangurinn eða 11.5% sýndi merki þess að ætla að hrygna um haustið.

Magafylling urriðans sem metin var á skalanum 0-5 reyndist að meðaltali 2.2. Fæðan var fremur einhæf (Mynd 4). Vatna-

bobbar reyndust vera ríkjandi fæða með 66.7% hlutdeild, hornsili komu næst með 23.8% og einnig varð vart við dýrasvíf og vorflugur.

Urriðinn reyndist vera mjög syktur af snikjudýrum. Þannig reyndist 80.8% fiskanna vera með þolhjúpa af lirfum Diphyllobothrium bandormsins, en þessar lirfur sýást sem hvitar kúlur á magavegg og þunnildum fisksins og valda m.a samgróningi í innýflum. Einig fannst bandormurinn Eubothrium salvelini, en hann lifur í górninni og teygir sig gjarnan inn í skúflangana og fannst hann í 19.2% urriðanna. I flestum tilfellum var snikjudýrasýking á háu stigi.

4. UMRÆDUR

Niðurstöður sýna að magn urriða er verulegt í vatninu eins og fram kemur er afli í lögn er skoðaður. Nýliðun virðist árviss í stofninn þannig að hrygningarskilyrðin virðast ekki vera takmarkandi þáttur fyrir stærð fiskstofnsins eins og algengt er hjá urriða. Urriðinn hrygnir eingöngu í straumvatni og er líklegt að aðalhrygningarárstöðvarnar séu í Urriðaánni, enda safnast urriði í ósinn á haustin að sögn kunnugra. Ekki er þó útilokað að hrygning geti farið fram viðar t.d. getur urriði nýtt sér staði þar sem lindir renna í vatn eins og t.d. gerist í Þórisvatni.

Vöxtur urriðans í vatninu er allgóður, en almennt séð er urriði fisktegund sem er fremur hægvaxta. Þó er athyqlisvert að vöxturinn nú er heldur lakari en þegar vatnið var athuqað árið 1982. Fæðuskilyrðin í vatninu virðast góð. Vatnið er fremur grunnt, en slik vötn framleiða hlutfallslega meiri fæðu heldur en djúp vötn þar sem áhrifa sólarljóssins gætir mest á innan við 10 m dýpi. Þetta skýrist þegar haft er í huga að þörungar og háplöntur breyta sólarorku í lifræna orku sem er undirstaða alls lífs í vötnum. I grunnum vötnum er botninn allur baðaður í ljósi og tekur allur þátt í framleiðslunni en í djúpum vötnum nær ljósið aðeins til botns meðfram ströndinni. Margir aðrir þættir hafa einnig áhrif á fæðuskilyrðin t.d. botngerð vatnsins og veðurfar.

Sníkjudýrabyrði urriðastofnsins er mikil einkum af Dipyllobothrium lirfum og Eubothrium bandorminum. Þessi sníkjudýr eru mjög algeng i vatnafiskum hérlandis og einkum eru Diphyllobothrium lirfurnar mikill skaðvaldur. Í miklu magni valda þær samgróningi flestra líffæra og fiskarnir geta orðið ófrjór. Fiskurinn getur horast og einnig rýrna verðmæti fiskakjötsins ef lirfurnar taka sér bólfestu á bunnildunum í stórum stil. Lifsferillinn er þannig að fullorðnir bandormar lifa í görn fugla sem eru fiskætur. Eggin fara út með driti fuglanna og eru étin af krabbadýrum í svifinu og þar broskast lirfurnar. Fiskar sýkjast er þeir éta krabbadýrin og lirfurnar mynda um sig þolhjú utan á maga og bunnildum. Lifsferlinum lýkur þegar fiskurinn er étinn af fugli. Ögerlegt er að losna við þessi sníkjudýr úr vötnum.

5. RADLEGGINGAR

Stöðuvötn er hægt að nýta með netaveiði, stangveiði eða samþlandi netaveiði og stangveiði. Í dag er Urrriðavatn mjög lítið nýtt og skilar því litlum tekjum til landeigenda. Vatnið er allstórt eða um 140 ha, fiskstofninn er allbéttur og getur vatnið gefið af sér töluvert fiskmagn. Litlar mælingar hafa farið fram hérlandis á afrakstri hreinna urriðavatna, en í Skandinaviu er algengt að afrakstur af urriðavötnum sé oft um 5 kg/ha. Sé þessi viðmiðun notuð mætti veiða um 700 kg á ári úr vatninu.


Netaveiði eingöngu úr vatninu er ekki likleg leið til að skila landeigendum miklum tekjum því afrakstursgeta vatnsins er ekki bað mikil að hún standi undir mikilli útgerð. Hófleg netaveiði er hins vegar æskileg og er mælt með að net með 30 mm möskvastærð séu notuð við veiðarnar.

Það nýtingarform sem er hins vegar lang líklegast til að skila verulegum tekjum af vatninu er stangveiði. Með auknum frítima fólks samfara háu verði á laxveiðileyfum er æ meira sótt í silungsvötn til veiða og er liklegt að sókn í vötn eigi eftir að aukast mikil frá því sem nú er. Umhverfi Urriðavatns er mjög fallegt og sérstaklega góð veiðiaðstaða fyrir stangveiði þar sem fjöldi tanga genqur inn í vatnið.

Gera barf bilfært að vatninu og einnig kemur til greina að reisa lítið veiðihús við vatnið. Þá er hér bent á að landeigendum er skyld að gera með sér félagsskap um skipulag veiði í hverju fiskihverfi samkvæmt lögum um lax-og silungsveiði frá 1970.

MYND 1:


KORT AF URRIÐAVATNI I STRANDASÝSLU.



MÆLIKVARÐI 1:100 000


MYND 2:

LENGDARDREIFING URRIDA ÆI NETAVEIDI I AGUST 1988.



MYND 3:


VOXTUR URRIÐA I URRIÐAVATNI 1982 OG 1988.



MYND 4:

FÆDA URRIDA I URRIDAVATNI.

URRIDAVATN 1988



- | | |
|-------------------------------------|--------------|
| <input checked="" type="checkbox"/> | VATNA-BØDBAR |
| <input checked="" type="checkbox"/> | HORN-SILL |
| <input type="checkbox"/> | DÝRA-SVÍF |
| <input type="checkbox"/> | JÓR-FILICUR |
| <input checked="" type="checkbox"/> | LEIFAR |